



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, mánudagur, 28. nóvember 2022
Tilvísun: 2022010098/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu vegna tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 49. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. nóvember 2022, þar sem stofunni var gefið tækifæri til að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um tillöguna.

Barna- og fjölskyldustofa fagnar því að fram sé komin tillaga um fullgildingu og löggildingu á valfrjálsri bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að mati stofunnar er ljóst að fullgilding á bókuninni, sem felur í sér kæruleið fyrir einstaklinga og hópa vegna brota á samningnum, mun auka vernd þeirra réttinda sem kveðið er á um í samningnum og stuðla að því að fatlað fólk fá notið þeirra réttinda sem þar er kveðið á um. Mælir stofan því með því að tillagan verði samþykkt.

Barna- og fjölskyldustofa veitir velferðarnefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu
Ásdís S. Ásgeirsdóttir
Ásdís S. Ásgeirsdóttir
lögfræðingur





Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 49 – 49. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 49 – 49. mál. Félagið lýsir eindregnum stuðningi við tillöguna.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni var tillagan áður lögð fram á 152. löggjafarþingi (523. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Íslensk stjórnvöld undirrituðu Samning sameinuðu þjóðanna (SÞ) um réttindi fatlaðs fólks í mars 2007 og á sama tíma valfrjálsa bókun um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa einstaklinga vegna brota á samningnum. Með þessum viðauka opnast kæruleið fyrir fatlað fólk sem telur að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa fullreynt að ná fram rétti sínum innan íslenska stjórnkerfisins og dómskerfisins.

Árið 2016 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um fullgildingu valkvæða viðaukans við samning SÞ fyrir árslok 2017. Nú fimm árum síðan hefur það ekki verið gert sem lýsir ekki einungis áhugaleysi um vernd mannréttinda fatlaðs fólks heldur einnig virðingarleysi gagnvart vilja Alþingis.

Vill Félagsráðgjafafélag Íslands skora á ríkisstjórn og Alþingi að ljúka þessu mikilvæga verkefni að fullgilda viðaukan eins og samþykkt var á Alþingi árið 2016. Með því verður stuðlað að aukinni vernd þeirra réttinda sem koma fram í samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks og opnað á sambærilega kæruleið sem er til staðar vegna alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnáleg réttindi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 49. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og lýsa eindregnum stuðningi við hana

Með valfrjálsa viðaukanum opnast kæruleið fyrir fatlað fólk, sem telur að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber að fá samkvæmt samningnum og hafa fullreynt að ná fram rétti sínum innan íslenska stjórn- og dómskerfisins, án árangurs. Með fullgildingu valfrjálsa viðaukans verður virkara aðhald um að framfylgja samningnum, réttaröryggi fatlaðs fólks eykst og mannréttindi þess verða betur varin. 101 ríki hafa nú þegar fullgilt viðaukann.

Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að valkvæður viðauki við samning SD skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Það hefur nú fimm árum síðar ekki enn verið gert. Þessi framkvæmd eða öllu heldur framkvæmdarleysi af hálfu íslenskra stjórnvalda lýsir ekki aðeins áhugaleysi um vernd mannréttinda fatlaðs fólks heldur einnig miklu virðingarleysi gagnvart vilja Alþingis.

Landssamtökin Þroskahjálpar skorar á ríkisstjórnina og Alþingi að ljúka nú, án frekar tafa, því mikilvæga verkefni að fullgilda viðaukann, eins og Alþingi samþykkti að gera skyldi fyrir lok árs 2017.

Samtökin óska eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi þingsályktunartillöguna, sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 49. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar, um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar. Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að fullgilda bókunina fyrir árslok 2017. Það hefur enn ekki verið gert en er löngu tímabært. MRSÍ styður þingsályktunartillöguna og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks. MRSÍ bendir jafnframt á að til að ná settum markmiðum við fullgildingu og lögfestingu valfrjálsu bókunarinnar, er nauðsynlegt að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og aðra sérfræðinga varðandi málefni fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri



NPA MIÐSTÖÐIN
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
+354 5678270

*Berist til:
Nefndasvið Alþingis
Veiferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík*

Kópavogur, 29. nóvember 2022

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. 49, 153. löggjafarþing 2022-2023.

Áherslur:

NPA miðstöðin styður tillöguna en leggur áherslu á mikilvægi þess að rétt þýðing bókunarinnar verði notuð auk þess sem samráð verði haft við hagsmunafélög fatlaðs fólks og fræðasamfélagið við lögfestingu og innleiðingu bókunarinnar.

Greinargerð:

NPA miðstöðin er samvinnufélag fatlaðs fólks sem er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Félagið hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf, samkvæmt 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. NPA miðstöðin styður eindregið lögfestingu á samningnum og valfrjálsrar bókunar við samninginn.

Líkt og fram kemur í tillögunni gerir valfrjálsa bókunin fötluðu fólki kleift að sækja réttindi sín vegna brota á samningnum með málskoti til sérstakrar nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Slíkt myndi tryggja bæði rétta túlkun og rétta framkvæmd samningsins hér á landi, auka réttaröryggi og vernd fatlaðs fólks og veita stjórnvöldum á Íslandi nauðsynlegt aðhald við innleiðingu þessa mikilvæga samnings hér á landi.

Undirbúningur að lögfestingu samningsins hér á landi hefur staðið yfir um allanzt skeið. Meðal þess sem tekist hefur verið á um er rétt þýðing á samningnum. Alþingi samþykkti tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningnum þann 11. maí 2021. Sú þýðing kemur í stað eldri þýðingar eftir fjölmargar athugasemdir frá fræðasamfélaginu og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Afar brýnt er að valkvæða bókunin fái sömu yfirferð frá fræðasamfélaginu og hagsmunasamtökum, þ.e. að þýðingin verði borin undir þessa aðila til að tryggja að upprunalegi texti samningsins haldi merkingu sinni og til

að fyrirbyggja rangtúlkunir, misskilning eða ranga aðlögun á textanum. NPA miðstöðin setur því fyrirvara við stuðning sinn á tillögunni að samstaða sé um rétta þýðingu á henni.

NPA miðstöðin hvetur nú sem fyrr eindregið til þess að samningurinn verði lögfestur og valfrjálsa bókunin einnig. Í anda samningsins og í samræmi við VIII. kafla laga nr. 38/2018 minnir NPA miðstöðin á mikilvægi þess að hafa fatlað fólk með í ráðum þegar rætt er um hagsmuni þeirra eða ákvarðanir eru teknar sem gætu haft þýðingu fyrir þennan hóp.

Virðingarfyllst,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri

Rúnar B.H. Þorkelsson

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Formaður



Reykjavík 28. nóvember 2022

Umsögn Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands um tillögu til
Þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 49. Mál

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og fagnar því að komin er fram tillaga sem minnir á að stjórnvöld eiga eftir að uppfylla loforð sitt um að fullgilda valfrjálsu bókunina við Samning SP um réttindi fatlaðs fólks, SRFF, en sem kunnugt er þá samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu árið 2016 um að valkvæður viðauki við SRFF skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Við það hefur ekki verið staðið.

Fullgilding og lögfesting valfrjálsu bókunarinnar er afar mikilvæg og tryggir að fatlað fólk hér á landi geti leitað réttar síns til sérfræðinefndar SP um SRFF ef allar kæruleiðir innan íslenskrar stjórn-sýslu og dómskerfis hafa verið án árangurs. Fullgilding valfrjálsu bókunarinnar mun því efla réttaröryggi fatlaðs fólks hér á landi og auka aðhald og eftirlit með innleiðingu þeirra réttinda sem kveðið er á um í SRFF. Við styðjum því eindregið að valfrjálsa bókunin verði fullgilt og lögfest á Alþingi Íslendinga.

Við leggjum jafnframt mikla áherslu á að ferlið við að fullgilda og lögfesta bókunina þarf að fela í sér endurskoðun á íslenskum texta hennar. Eins og Velferðarnefnd er kunnugt þá gekk ákaflega erfiðlega að þýða texta samningsins á viðunandi hátt og upphaflegur texti SRFF sem var fullgiltur í september 2016 var svo gallaður að það þurfti að taka hann upp og endurskoða þýðinguna. Þingsályktunartillaga um nýja þýðingu á texta SRFF var síðan samþykkt árið 2021. Það er því ákaflega mikilvægt að gætt verði að því að textinn á valfrjálsu bókuninni sé réttur, áður en bókunin er fullgilt og lögfest.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannveig Traustadóttir, Professor Emerita

Forstöðumaður

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

Félagsvísindasvið

Háskóli Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2022

Efni: Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þingskjal 49 – 49. mál.

ÖBÍ – réttindasamtök (ÖBÍ) taka undir með og styðja við tillöguna til þingsályktunar, enda mikilvægt að stuðla að aukinni vernd þeirra réttinda sem í samningnum felast. Með því að fullgilda, og í kjölfar lögfesta, valfrjálsu bókunina er ekki einungis verið að auka við vernd réttinda fatlaðs fólks heldur einnig staðfesta það að íslensk stjórnvöld vilji sýna öðrum aðildarríkjum að samningnum gott fordæmi.

Ekkert um okkur án okkar!

Puríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Alma Ýr Ingólfssdóttir
lögfræðingur ÖBÍ

